Er spennandi tími framtundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænr, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.
Visa/Euro.

Trésmíði



Sólpallar
Viltu flottan sólpall? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmiði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

Viðgerðir



**Erum fluttir að
Skemmuvegi 34,
200 Kópavogur**
brun gata
SMÁVÉLAVIÐGERÐIR
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Vélaverkstæði JS
Skemmuvegi 34 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@velaverkjs.is
Símar: 554 0661 - 897 4996
699 2502
www.velaverkjs.is

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegspjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is


Önnur þjónusta



Sandblástursfilmur
Sólarfilmur
Grafi List
Útskorinn vinill í öllum litum
www.grafilist.com
551 3118

Parketlagnir frá 1800kr.fm., með listum. Geri einnig tilboð í sólpallasmiði og því tengdu. Marga ára reynsla. S. 866 2655.

KEYPT & SELT



Til sölu






Soprtunnur
VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Sími: 5351300 Dragháls 4 110 RVK

Dúndurtilboð!



Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.git-arinn.is

Tölvur



Yamaha DTX2 rafmagnstrommusett og heili til sölu. Verð 65.000. Uppl. í s. 894 4005.



50% afsláttur !!!!!
Sumar og Sól! Bjóðum 50% afslátt af tölvuviðgerðum á verkstæði okkar.
BMS-Tölvulausnir,
Suðurlandsbraut 8,
Sími 565 7080

Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 <http://www.pon.is>



KRESS iðnaðarryksugur

Ásborg

vélar•verkfæri

Smiðjuvegi 11 S:5641212

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabit-ar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840 7273, Halldór.



Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-

Tilboð á DVD

Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum

- **INTIMO** •

Órugglega besta rakgeiði!

Skúlagata 40a s. 562 2433

Dalvegur 16a s. 562 2445

www.amor.is

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.

Kannaðu málið á

bathmate.is

bathmate.is

Ýmislegt

Góður 20 feta gámur til sölu. 170-200.000 þ. stgr. Uppl. Gunnar í s. 695 2589.



HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrin er ótrúlega einfaldur og auðveldur. Uppl. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjubjálfi/einkabj. s. 862 5920.

ÞJÓNUSTA



STEYPUSÖGUN

KJARNABORUN

MÚRBROT

LÍNUBORUN

820 0070 577 5177

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.




SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



SCHOOL OF ICELANDIC

50% Off summer prices

Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 23/6, 21/7. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 23/6, 11/8. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 8/7, Ármúli 5. s. 588 1169-www.icetrans.is/ice



HEIMILIÐ



Húsgögn



Sófi til sölu

Kramfors 3ja sæta sófi, Frásig dökkbrúnt. Hann er 2. ára og vel með farinn selst á 65 þúsund. Breidd á sófanum er 256 cm, lengd á tungunni er 162 cm og hæðin er 74 cm. Nýr sófi kostar 130 þúsund. Uppl. í síma 868 2125.



Dýrahald



Pugg hvolpar til sölu

Til sölu Pugg hvolpar. Afhendir eftir ca. 2 vikur. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir. Ættbók færðir hjá hundaræktarfélaginu Rex. Uppl. í s. 821 6362.



Tilkynning frá Skaftár Labradorum Til sölu nokkrir hreinræktaðir Labrador retriever hvolpar undan Volcano's Royal Affaire Extraordinaire (IS09325/06) og Bella's Joy AusLühlsbusch (IS07480/03). Ættbók frá HRFI. Nánari upplýsingar í síma 896 0028, 555 4351 eða netfanginu dagur@lognet.is og á heimasíðu www.lognet.is/skaftar

Golden Retriever hvolpar til sölu. Uppl. í s. 848 6567.

Pommerinian rakki, 5 mánaða. Mjög barngóður. Uppl. í s. 869 2631.



Ýmislegt



KANADÍSKIR GÆÐA POTTAR

Opnunartilboð

Erum flutt!

Skeljar

verð áður 270,000

verð nú **199,000**

Sendum hreinsiefni og siur um allt land.



www.heilipottar.is

Kleppsvegur 152, sími 554 7755 (Ath - áður bakari Jóa Fel)



TÓMSTUNDIR & FERÐIR



Fyrir veiðimenn



Silunganet

Heimavík. Sími 892 8655.



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herb. til langtíma leigu í Reykjavík & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

2ja herb. íbúð til leigu í neðstaleiti með bílastæði. Sv. 103. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188.

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Falleg 2ja herb. íbúð, sér inngangur og aðgangur að garði, á góðum stað í Kópavogi. Uppl. í tveggjaherbergja@gmail.com

Raðhús + bílsk. í Garðabæ. Húsið 100 fm 2 svh., stofa, lítill garður. Bílsk. 30 fm. Getur leigst í sitthvoru lagi. Hús 140 þ. Bílsk. 30 þ. S. 892 4305.

Til leigu 3 herb. Snrytileg íbúð v/ Laugaveg. V. 125 þ. pr.m. Laus strax. S. 898 5698.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Góð 2 herb. íbúð sv. 101. Leiga kr. 125.000 m.hússjóð og hita. Íbúðin er laus. Uppl. í 896 0060

Til leigu, lúxusíbúð í 101. Nánar á http://safn.filmus.is/danni/bergthorugata/

Einbýlishús með bílskúr til leigu, 160fm.. Staðsett rétt fyrir utan Hveragerði. Bankaábyrgð. Leiga 120þ. á mån. Upplýsingar í síma 862 5303 eftir kl 18.00.

2 manna herb. í Haunbæ einnig Álftramýri til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 698 8037.

65 fm íbúð til leigu í Vsturbænum. Leiga 100 þ. á mánuði. magnusorri@stofanet.dk

WYNAJNE POKOJ OD ZARAZ DZIEWCZYNIEM ANEKSEM KUCHENNYM I TOALETA BEZ PRYSZNICA. TEL. 694 8427.

Góð 3-4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 770 6090.

Til leigu Stúdíóíbúð (2ja herb.) á fyrstu hæð í steinhúsi við Bergstaðastræti. Íbúðin er í góðu ástandi og laus nú þegar. Uppl. í S. 894 3540.

4. herberg. Íbúð í fjölbýlishúsi í Ríma hverfi í Grafarv. til leigu. Áhugasamir leggið inn tilboð ásamt nafn og kt. á tölvup. steinar@simnet.is

Húsnæði óskast

Reyklaust og reglusamt par óskar eftir húsnæði nálægt HÍ næsta vetur. 697-8872. Guðni.

Húsnæði til sölu

Til sölu 2 herb. íbúð með bílastæði í kjallara og góðri sameign í 103 Rvk. Verð 24,9 milj. Skipti á sumarbústað-arlóð eða hjólhýsi allt að 3 milj. Uppl. í s. 899 7188.



Sumarbústaðir



Til sölu eða leigu sumarhúsnæði með öllu að Syðri Brú í Grímsnesi stutt frá ljósafoss virkjun og sundlaug. Vikuleiga 55 þús. Uppl. í s. 698 1001.

Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m loft-hæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200


Glæsilegt, bjart, nýuppgeitt 60 fm. húsnæði í sérbyggingu til leigu. Sérinngangur á götuhæð. Eldhús/kaffi-stofa og snyrting með sturtu. Hentar hvort heldur sem skrifstofur eða vinnu-stofa. Möguleiki á að leigja bílastæði í sérport. Upplýsingar: tungata101@gmail.com <U>mailto:tungata101@gmail.com> eða í s. 552 8100.

70-90 fm húsnæði til leigu í 210 GB, sameiginlegar innkeyrsludyr, hentar ekki bílaþjónustu. Uppl. í s. 844 1011.

Til leigu miðsvæðis í Rvk. Eitt bil. 80m2. Verð 80 þús. WC. Háar dyr. S. 691 4060.

Skrifstofuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði

30fm og/eða 15fm nýtt skrifstofuhúsnæði er laust til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Hægt einnig að nota sem geymslurými, nuddstofu ofl. Áhugasamir hafi samb. í s. 662 6166.



Geymslu-gámar



Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBARKKI

Hringhella 6 - Hafnarfirði

Sími 535 2550 - www.hafnarbarkki.is

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vakt-að. S. 564 6500. www.veysmlaeitt.is


geymslur.com

Geymslur frá 5990.- kr á mån.í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464


Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

ATVINNA



Atvinna í boði



Næturvaktir - Öryggisgæsla 42% starf

Ökkur vantar starfsmann í Félagsmiðstöðina Norðurbrún 1. Í húsinu eru þjónustuíbúðir eldri borgara. Einn starfsmaður er á vaktinni sem er frá kl. 11.00 á kvöldin til 08.00 á morgnanna.

Við leitum að framtíðarstarfsmanni sem er :

- samviskusamur - þjónustulundaður
- sveigjanlegur - hentar vel að vinna á nóttinni - talar íslensku
- getur byrjað sem fyrst.

Í boði er áhugavert starf og góðar vinnuaðstæður

Nánari upplýsingar veitir Berglind Gestsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu í síma 411 2760.

Smiðir-verkamenn-flekauppsláttur Öskum eftir smiðum og/eða verka-mönnum vönum flekauppslætti. Upplýsingar í sínum 8565555 eða 6637434

Nýlenduvörverslun Hemma og Valda leitar að kátum hnátum á dagvaktir. Umsókn sendist á valdi@trailiceland.com

HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

Fljótt og Gott á BSI Umferðamiðstöð óskar eftir starfsfólki á dagvaktir við almenn veitingahúsaðstörf. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum.

Afgreiðslu/sölumaður. Öskum að ráða, hressan og duglegan mann til starfa í Verkfæraverslun. Upplýsingar í síma 897508.

Sjálfboðaliða vantar til starfa í Afríku sex mánuðir, þjálfun og vinna í Danmörku sex mánuðir, verkefni í Afríku tveir mánuðir kynningarstörf í Evrópu www.juel-sminde.com diprogram@juelsminde.com

Þjónar óskast í fullt staf og hlutastaf íslenskukunnátta skilyrði. Af lífi og sál -

Sími 615 2744 - Birkir.

Óska eftir trésmið í fjölbreytt verkefni. Verktaka ellegar launamann. Uppl. í s. 857 6000.

Óska eftir verkamanni í byggingavinnu. Uppl. í s. 857 6000.

Smiðir eða laghentir menn óskast til starfa nú þegar. Íslenskukunnátta skilyrði. Næg vinna. Uppl. í s. 695 5219.

Öskum eftir snyrtifræðing til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.



Atvinna óskast



Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.


ATVINNA




Við lifum háfelli á jörðinni!




Háfell óskar eftir að ráða vélamenn



Vegna mikilla verkefna framundan getum við bætt við okkur vönu starfsfólki á vélar. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu fyrirtækisins; www.hafell.is og einnig á skrifstofu okkar að Skeifunni 11.



Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri Háfells í síma 575 9500 eða í tölvupósti; sigrun@hafell.is.



Háfell ehf. er leiðandi verktakafyrirtæki í jarðvegsframkvæmdum og sinnir verktakastarfsemi af öllum stærðargræðum, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið býr yfir viðtækri reynslu í mannvirkjagerð og hefur á að skipa öflugum mannafla, mikilli þekkingu og nýlegum tækjakosti. Starfsmannafjöldi er u.þ.b.100 manns.



Háfell ehf., Skeifunni 11a, 108 Reykjavík, sími 575 9500 fax 575 9520

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

HENDUR.IS

Auglýstu frítt eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Maður vanur bílaviðgerðum, trailer, grófum og rafvirkjun óskar eftir vinnu. S. 692 6322. Búsettur í Njarðvík en allt kemur til greina.

Viðskiptataækifæri

Vefsíðugerð

Til sölu viðskiptasérleifi í vefsíðugerð. Frábært tækifæri fyrir réttan aðila. Uppl. í síma 825 0090.



TILKYNNINGAR



Einkamál



SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót

905-2000 (símatorg)

535-9920 (kreditkort)

535-9923 (fritt, karlar)

555-4321 (fritt, konur)

Spjall

904-5454 (símatorg, karlar)

535-9940 (kreditkort, karlar)

555-4321 (fritt, konur)

Gay spjall

535-9988 (kreditkort)

Sögur

905-2002 (símatorg)

535-9930 (kreditkort)

Spjalldómur

908-6000 (símatorg)

535-9999 (kreditkort)




Símabjónusta Spjalldómur



S. 908 2000 Opíð allan sólarhringinn.



908 6666



Við viljum vera sumardísímar þínar í nótt. Opíð allan sólarhringinn.

Samkynhn. KK spjalla saman á frábæri spjallrás. Sími 535-9988. Gott að hringja stundvíslega á heila og hálfra tímanum.

Frábær upptaka: ung kona í góðum gir að horfa á „eina bláa“. Þú heyrir þessa „innilegu“ upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8437

Karlmenn: Þið kynnist konum á Rauða Torginu Stefnumót! Auglýsið frítt og vitjið skilaboða frítt í s. 535-9923. Nánar á www.raudatorgid.is.



Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Langholtsvegur/Drekavogur
Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Langholtsvegi til vesturs, Drekavogi til norðurs, opnu grænu svæði til austurs og íbúðarhúsum við Sigluvog til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir að við Langholtsveg 109-111 megi byggja inndregna hæð ofaná núverandi byggingu og bílastæði verði áfram 79. Á lóð númer 113 við Langholtsveg verður lóð stækkuð um 40 m², leyft verður að byggja 91 m² inndregna hæð ofaná núverandi byggingu og ekki leyfð neonskilti á byggingu. Á Langholtsvegi 115 verður leyft að byggja bílageymslu á tveimur hæðum við norðurgafli hússins og að Drekavogi 4, 4A og 4B verður leyft að setja gler á svalir íbúða og kvöð verður á lóð númer 4 um aðkomu að leikvelli og að húsi númer 113 við Langholtsveg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Árbæjarkirkja
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæ/Selás vegna Árbæjarkirkju. Í breytingunni felst að stækka lóð og breyta byggingarreit fyrir nýbyggingu safnaðarheimilis. Fyrirhugað safnaðarheimili verður á einni til þremur hæðum og trappast niður með landinu vestan megin við kirkju. Göngustígur við lóðarmörk færist til vesturs sem nemur stækkun lóðar. Aðkoma með aðföng veður leyfileg á stígnum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hyrjarhöfði 8
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða vegna lóðarinnar að Hyrjarhöfða 8. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingareitur, samsíða Funahöfða, samtals 252 m², austasti hluti núverandi húss verður hækkaður. Heildarbyggingamagn á lóðinni verður 1550 m² og nýtingarhlutfall verður 0,86 eftir breytingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Grjótháls
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi vegna afmörkunar nýrrar lóðar við Grjótháls. Lóðin er vestan við lóðina Grjótháls 8 og skal hún nýtt undir bílgreinaþjónustu svo sem bílapvottastöð. Byggingar skulu vera á einni hæð og aðkoma að lóðinni verður frá Grjóthálsi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 2. júlí 2007 til og með 13. ágúst 2008. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 13. ágúst 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 2. júlí 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616
Kraftafl ehf

UMSJÓNARKENNARA VANTAR á yngsta- eða miðstigi.

DANSKENNARI óskast í 100% stöðu.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 822 1141 eða aðstoðarskólastjóri í síma 822 1142.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí.

Nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðunni: <http://www.arskoli.is>

Framkvæmdastjóri

FAAS – Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma leitar að framkvæmdastjóra í 75% starf.

Starfssvið.
Vinna að eflingu félagsins, sjá um uppfærslu vefsíðu, annast útgáfu fréttabréfa, tímarita og bóka, skipuleggja fræðslufundi í samráði við stjórn.

Menntun og hæfniskröfur.
Menntun sem nýtist í starfi. Reynsla af mannlegum samskiptum. Reynsla af vefsíðugerð og útgáfustarfsemi. Hafa vald á enski tungu og einu norðurlandamáli. Vera vanur tölvuvinnu.

Nánari upplýsingar veitir formaður FAAS María Th. Jónsdóttir sími 898-5819. Umsóknarfrestur er til 14. júlí n.k.

Efnistaka í Lambafelli í landi Breiðabólssstaðar

Mat á umhverfisáhrifum Hlíðardalsskóli ehf. kynnrir drög að tillögu að matsáætlun

Hafið er matsferli vegna efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólssstaðar. Náman er í landi Sveitarfélagsins Ölfuss, við Þrengslaveg þar sem efnistaka hefur farið fram um áratuga skeið. Áætlanir eru uppi um að hægt verði að stunda efnistöku í námunni til að minnsta kosti næstu 30 ára. Matsferlið er liður í að útvega framkvæmdaleyfi fyrir áframhaldandi rekstri námunnar

Hlíðardalsskóli ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum verður unnið af Mannvit verkfræðistofu. Á vefsíðu Mannvits (<http://www.mannvit.is>) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar. Kynningin stendur yfir til miðvikudagsins 18. júlí 2008.

Ábendingum og athugasemdum er hægt að koma á framfæri til Hauks Einarssonar (Mannvit hf., Grensásvegi 1, 108 Reykjavík, haukur@mannvit.is). Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast.

Sími 530 6500
Opíð mán. - fös. frá kl. 9-17

Finnbogi Hilmarsson,
Einar Guðmundsson og
Bogi Pétursson
Löggiltir fasteigasalar

Rað- og parhús - Sóleyjarími.
Nýtt fullbúið endaraðhús sem stendur innst í í botnlanga á rólegum stað. Húsið er skráð 201,3 fm, íbúðarrými 171 fm og bílskúrinn 31 fm. Húsið er á tveimur hæðum. Hluti efrí hæðar er undir súð og er gólf-flötur hússis um 210 fm Á neðri hæð er forstofa, bílskúr, gestasalerni, stofur og eldhús. Útgengt er úr stofu á afgirta verönd í suðri . Á efrí hæð eru fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og vinnuhol. Úr holinu er útgengt út á stórar suðursvalir. Vandaðar innréttingar og gólfefni. **Möguleg makaskipti á 3ja - 5 herb íbúð.**

Rað- og parhús Reynilundur - endahús á einni hæð.
Höfum fengið í einkasölu 205 fm endaraðhús við Reynilund í Garðabæ. Húsið er teiknað af Albínu Þórðarson og er einstaklega vel hannað. Í því eru fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Parket á gólfum, arninn í stofu og glæsilegur suðurgarður. Húsið er almennt í góðu ástandi og er staðsett innst í botnlanga. Bílskúrinn er tvöfaldur og er sérlega rúmgóður. **Verð 59,0 milljónir.**

4ra herb. Laufrími - 4ra herbergja.
Opin og björt 100 fm endaíbúð á 3. hæð. Sérinnngangur - suðvestur-svalir - mikið útsýni og sérmerkt bílastæði. Þrjú góð svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar. **V. 25,9 m . Áhv 14,5 m.**

Leifsgata
Góð 100 fm íbúð á efstu hæð í 3ja íbúða stigangangi. Þrjú svefn herbergi, nýtt eldhús og björt og opin stofa. Stigagangur og sameign nýlega endurbættur. Stór skjólgóður bakgarður í suðri með hellu lagðri verönd. **V. 27,0 m Áhv. 13,3 m.**

Hlynsalir - bílageymsala.
Vönduð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi . Bílskýli - lyfta sérinnngangur og góðar svalir. Tvö stór svefnherbergi, þvottahús innan íbúðar og björt stofa með útgang á svalir og frábært útsýni. Góð íbúð á góðum stað. **V. 26 m**

Efstasund - mjög falleg 3ja
Sérlega hugguleg um 71 fm íbúð í tvíbýli. Tvö rúmgóð herbergi. Fallegt eldhús o.fl. Stór garður í rækt. **Verð 20,0 milljónir.**

Rauðás - góð 3ja á jarðhæð
Vorur að fá í sölu rúmlega 80 fm íbúð á jarðhæð. Tvö rúmgóð herbergi og stór stofa. Nýlega viðgert hús. Frábær staðsetning með útsýni yfir Rauðavatn. **Verð 21,3 millj.**

Auglýsingasími

5125050

– Mest lesið



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Þorberg

Kristinsson

Víðihvammi 15, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt þriðjudagsins 1. júlí. Útför hans verður auglýst síðar.

Anna Jóhannsdóttir
Jóhann P. Jóhannesson
Svanhildur I. Jóhannesdóttir
Kristinn Jóhannesson
Ólafur Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur G. Kristinsson
Guðrún F. Guðmundsdóttir
Ingibjörg G. Magnúsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Arndís Árnadóttir

frá Ísafirði, til heimilis að Kleppsvegi 62, Reykjavík,

andaðist í Reykjavík miðvikudaginn 25. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.00.

Birgir Finnsson
Auður Birgisdóttir
Finnur Birgisson
Arndís Birgisdóttir
Björn Birgisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll Skúlason
Sigurbjörg Pálsdóttir
Sigmundur Sigurðsson
Ingibjörg Gunnlaugsdóttir



LINDSAY LOHAN ER 22 ÁRA

„Fegurð er þokki og öryggi. Ég hef lært að sætta mig við og meta það sem náttúran gaf mér.“

Lindsay Lohan er fjölhæf ung kona. Hún byrjaði feril sinn sem fyrirsæta hjá Ford aðeins þriggja ára gömul og á næstu árum lék hún í fjölda sjónvarpsauglýsinga. Í dag starfar hún bæði sem leikkona og söngkona.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýbug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfinnu Jónsdóttur

frá Völlum Garði, Vesturbergi 191, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Marta Guðmundsdóttir
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir
Jón Guðmundsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Þorleifur St. Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kjartan Steinbach
Ólafur Örn Ingólfsson
Kolbrún Baldursdóttir
Einar Ingi Magnússon
Ingibjörg Sigurðardóttir



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar sambyliskonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sólveigar Jóhannesdóttur

frá Flatey á Skjálfanda, Berjavöllum 4, Hafnarfirði. Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar, deildar 21 A og líknardeildar LH.S.

Sveinberg Hannesson
Sigurhanna Björgvinsdóttir
Anna Björg Björgvinsdóttir
Þóra H. Björgvinsdóttir
Sóley Björgvinsdóttir
Fjola Björgvinsdóttir
Páll L. Björgvinsson
ömmubörn og langömmubörn.

Fríðbjörn Björnsson
Magnús Magnússon
Sæmundur Vilhjálmsson
Sigmar Halldórsson
Ásgeir Ingi Jónsson
Ásta Sigurðardóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

Sigríður Theódóra

Jónsdóttir

frá Lunansholti, Frostafold 85, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 26. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 11.00. Jarðsett verður í Skarðskirkjugarði, Landsveit, sama dag kl. 15.30.

Jóna Guðrún Ólafsdóttir
Sigríður Theódóra Egilsdóttir
Snorri Freyr Harðarson
Oddný Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Þuríður Jónsdóttir

Óttar Guðmundsson
Hörður Guðmundsson
Björgvin Kjartansson

Legsteinar í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

Ásgeir Þór Vilhjálmsson

Hlíf II, Ísafirði,

sem lést miðvikudaginn 25. júní, verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 5. júlí næstkomandi klukkan 14.00.

Guðmundína Vilhjálmisdóttir
Hansína Vilhjálmisdóttir
Ólafur Sveinbjörn Vilhjálmsson
Sumarliði Páll Vilhjálmsson
Jason Jóhann Vilhjálmsson
og aðrir aðstandendur.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Helga Þorleifsdóttir

frá Uppsölum, Svarfaðardal,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 23. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 15.00.

Jón Leifur Óskarsson
Selma Jónsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Magnea Björg Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Lára Valgerður Ingólfssdóttir
Sigmundur Karl Ríkarðsson



Einleikari að Vestan

Elfar Logi Hannesson er eini atvinnuleikarinn á Vestfjörðum.

ACT ALONE: HEFST Á ÍSAFIRÐI Í DAG

Ekki einleikin einleikjahátíð

„Ég hef alltaf verið í því að fá brjálaðar hugmyndir og Act Alone er ein þeirra. Aðdragandinn var stuttur, ég fékk hugmyndina í maí 2004 og hátíðin var framkvæmd mánuði síðar,“ segir leikarinn Elfar Logi Hannesson, sem árið 1997 stofnaði Kómedíuleikhúsið á Ísafirði, en það stendur fyrir leiklistarhátíðinni Act Alone sem hefst í dag og stendur til sunnudagsins 6. júlí.

„Ég nam leiklist í Kaupmannahöfn og bjó nokkur ár í Reykjavík en borgin var ekki að fíla mig né ég hana, enda Vestfirðingur í húð og hár og vestrið kallaði. Hér er afskaplega gott að skapa því náttúra og friður örva sköpunargáfuna og allir eru tilbúnir að rétta fram hjálparhönd og vera með,“ segir Elfar Logi, eini atvinnuleikarinn vestra. „Ég veit ekki hvort einleikurinn valdi mig eða ég hann, en ég er sáttur við valið. Munur á einleik og fjölmennari leikverkum er enginn, en einleikur er gífurleg áskorun fyrir og formið svo heillandi að mann langar alltaf að rannsaka það betur. Það er vitaskuld brjálæði að standa einn á sviði í langan tíma og hafa ekki upp á aðra að hlaupa ef texti gleymist, en æ fleiri hafa fengið löngun til að kljást við þetta erfiða form og er mikil gróska í einleikjaforminu hérlandis,“ segir Elfar Logi.

„Saga hátíðarinnar hefur verið einstök. Hún hófst með þremur sýningum og einum fyrirlestri, en nú verða í boði 25 sýningar auk leiklistarnámskeiðs. Nú hefur fólk víðs vegar að samband að fyrra bragði,“ segir Elfar Logi, en þrjár sýningar koma frá Austur-Evrópu, sem er mekka einleiksins. „Við verðum með margverðlaunaða einleiki frá Tékklandi, Búlgaríu og Rússlandi, en sá rússneski er tromp hátíðarinnar þar sem þarlend leikkona flytur Völuspá og eru margir spenntir að sjá hvernig útlendingar vinna með okkar dýrmæta sagnaarf,“ segir Elfar Logi, en uppistaða hátíðarinnar verður nítján íslenskir einleikir.

„Við höfum smátt og smátt verið að taka inn nýjungar og nú verða tveir tvíleikir á hátíðinni, eins manns tónleikar og þrjár einleiknar danssýningar. Í fyrsta sinn verður dómnefnd að störfum, skipuð almenningi, sem verðlaunar bestu sýninguna og besta leikarann á sunnudag. Á Act Alone er alltaf vel mætt og setið á gólfum þegar fyllist. Það er því mikið kikk fyrir einleikara að leika frammí fyrir 200 manns í stað sex,“ segir Elfar Logi fullur tilhlökkunar.

thordis@frettabladid.is



Elskuleg frænka okkar,

Ragnhildur Þorvarðardóttir

frá Dalshöfða, Vallarbraut 2, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi 27. júní sl. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvírkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 11.00.

Ragnar Hauksson
Sigríður Hauksdóttir
Pálína Hauksdóttir
og aðrir vandamenn.

Eygló Alexandersdóttir
Grétar Ævarsson

MARKAÐSTORG HEIMILANNA



FYRIR ~~14.200 kr.~~
EFTIR 5.000 kr.



AÐEINS Í DAG:
2 FYRIR 1



FYRIR ~~49.900 kr.~~
EFTIR 15.000 kr.



FYRIR ~~10.900 kr.~~
EFTIR 4.000 kr.



FYRIR ~~22.950 kr.~~
EFTIR 11.000 kr.



FYRIR ~~8.350 kr.~~
EFTIR 1.500 kr.



FYRIR ~~32.590 kr.~~
EFTIR 10.000 kr.



FYRIR ~~19.990 kr.~~
EFTIR 8.000 kr.



FYRIR ~~12.990 kr.~~
EFTIR 5.000 kr.

Láttu Fréttablaðið taka til í garðinum fyrir þig

NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU

Dagana 30. júní – 13. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum Garður fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Notaðu tækifærið og hringdu í **síma 512 5000**. Þannig geturðu grætt á því að losa þig við hluti sem þú þarft ekki lengur en aðrir gætu notað. Ópið alla virka daga frá 08-22 og um helgar frá 10-22.

Allt sem þú þarft...

...alla daga



NÝTT!
Lögin beint
inn í iTunes
og á iPod

**Fyll'ann
takka!**



Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toptótnlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.



Tónlist.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Tíðarandinn kæfir ekki snillinga

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FINNUR ÞAÐ GÓÐA VIÐ VONDAN ÁRATUG



Níundi áratugur tuttugustu aldarinnar, sveiattan og bjakk! Hann var fyrsti níundi áratugurinn svo öldum skiptir sem gerði lítið sem ekkert af viti fyrir mannkynið. Á níunda áratug nítjándu aldarinnar var til að mynda allt í blússandi uppsveiflu í menningarmálum hins vestræna heims, yfirvaraskeggið var á hátindi glæsileika síns og vinsælda og herra menn á borð við Friedrich Nietzsche, Mark Twain og Arthur Conan Doyle höfðu þvi sem mest þeir máttu. Á níunda áratug átjándu aldarinnar lék fólk á borð við W.A. Mozart og Mary

Wollstonecraft á als oddi og maðurinn sem síðar varð Byron lávarður fæddist. En níundi áratugur tuttugustu aldarinnar lék þjóðir heimsins grátt. Menningarafurðir frá þessum tíma eru flestar best geymdar á forgengilegum miðlum á borð við hljóðsnældur og VHS-myndbönd, enda væri okkur hollast að gleyma þessu öllu saman sem fyrst. Fyrir nokkrum árum komst í tísku að hafa gaman af lúðaskap áratugarins á kalldhæðinn og sérlega meðvitaðan hátt, en slík skemmtun er í eðli sínu frekar innantóm og illgjörn og var því blessunarlega fremur skammvinn. En fátt er svo með öllu illt að eigi boði nokkuð gott; ein og ein menningarafurð þessara skelfing-

artíma er bærileg og hefur, ótrúlegt en satt, staðist tímans tönn.

Dægurtónlist síðastliðins níunda áratugarins var til að mynda að mestu leyti vond, en færði okkur þó jafnframt meistaraverk frá listamönnum á borð við Suzanne Vega, Elvis Costello og Beastie Boys. Þessir snillingar voru vissulega í ljótum fötum og með asnalegar hárgreiðslur eins og meginþorri mannkyns, en meira að segja ægivald tiskunnar gat ekki hamið óumdeilanlega hæfileika þeirra. Þeir sem upplifa straua og stefnur nútímans eins og sandpappír á viðkvæmri sálarkvikunni geta því hugað sig við að tíðarandinn nær aldrei að eyðileggja sanna list með öllu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SUMARIÐ 2008 VERÐUR PAND-BRJÁLAD!

DREAMWORKS

KUNG FU PANDA

FRUMSÝND 2. JÚLÍ!

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS BTC KFP Á NÚMERIÐ 1900

VIÐVINGAR: BIÖMIDAR, TÖLVULEIKIR, VARNINGUR
TENGDU MYNDINI, DVD MYNDIR OG FLEIRA!

SJÁÐU MYNDINA! SPILAÐU LEIKINN!

SMS LEIÐUR

PlayStation 2

BIÖMIDI

BYR

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... **...góðar fréttir fyrir umhverfið**

NÝJAR BÆKUR

Fyrsta bindi Fræðirita Gunnarsstofnunar er komið út. Greinasafnið ber heitið **Skriðuklaustur – evrópskt miðaldaklaustur í Fljótssdal**. Prettán íslenskir fræðimenn skrifa í ritið og eru greinarnar flestar byggðar á erindum sem flutt voru á málþingi um Skriðuklaustur í nóvember 2006 og febrúar 2007. Umfjöllunarefnið er bakgrunnur og starfsemi klastra á Íslandi með áherslu á Ágústínusarklaustrið sem starfrækt var á Skriðu í Fljótssdal frá 1493 til siðaskipta. Rýnt er í fornar heimildir og þær upplýsingar og minjar sem fornleifarannsókn á Skriðuklaustri hefur leitt í ljós. Útgáfa þessa greinasafns er liður í verkefninu Íslensk miðaldaklaustur sem Gunnarsstofnun hefur unnið að síðustu ár með tilstyrk Kristnihátíðarsjóðs. Verkefnið snýst um að draga saman þekkingu og miðla sögu íslenskra miðaldaklastra með aðstoð margmiðlunartækni. Greinararnar í riti þessu mynda grunninn fyrir gerð margmiðlunarefnis um Skriðuklaustur og klausturhald á Íslandi. Ritstjórar eru Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur og Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur.



Mál og menning sendir nú frá sér nýja og endurbætta útgáfu af **Sögustöðum Íslands** eftir Örn Sigurðsson. Bókin er nýstárleg og handhæg þar sem greint er frá öllum helstu sögustöðum landsins, frá landnámsöld til vorra daga. Bent er á staði þar sem atburðir úr Íslendingasögum eða þjóðsögum gerðust, sem og atvik úr Íslandssögunni. Auk þess er staldrað við staði þar sem voveiflegir atburðir eða sögulegir hafa átt sér stað og þjóðkunnir menn vaxið úr grasi. Sögustaðirnir eru rúmlega 280 talsins og er vísað til þeirra á kortum. Texti bókarinnar er á íslensku, ensku og þýsku og hún er skreytt fjölda teikninga og ljósmyndra. Örn Sigurðsson var sölustjóri Landmælinga Íslands frá 1989–1998 og yfirmaður kortadeildar Máls og menningar frá 1998, Eddu útgáfu frá 2001, og Forlagsins frá 2007. Hann hefur ritstýrt öllum útgáfum deildarinnar og er höfundur margra korta.



Hjá Máli og menningu er komin út bókin **101 Ísland: Áfangastaðir í alfaraleið** er í senn nýstárleg og stórfróðleg vegahandbók fyrir ferðalanga nútímans sem komin er út. Hér er vísað til vegar á 101 stað í alfaraleið við þjóðvegi landsins. Ýmist er lesandinn leiddur á staði sem fram að þessu hafa verið á fárra vitorði eða að sýndar eru nýjar hliðar á vinsælum áfangastöðum. Bókin á eftir að opna lesandanum nýja sýn á náttúru landsins og furður hennar og bregður ekki síður ljósi þjóðarsöguna og sérkenni þjóðarsálarinnar. Bókin er prýdd fjölda litmynda og kort vísa til vegar á alla áfangastaðina. Þá setja fjölskrúðugir topp tíu-listar ferðir um landið í nýtt og spennandi samhengi. Páll Ásgeir Ásgeirsson er landskunnur útivistarmaður og ferðabókahöfundur. Eftir hann eru m.a. bækurnar Hálendishandbókin, Gönguleiðir, Útivistarbókin, Bill og bakpoki og Hornstrandir. 101 Ísland er 232 bls., kilja með plasthlífðarkápu.



Ólöf syngur á Sólheimum

Tónlistarkonan knáa Ólöf Arnalds kemur fram á tónleikum í Sólheimakirkju á laugardag kl. 14. Tónleikarnir eru liður í Menningarveislu Sólheima sem standur nú yfir. Ólöf mætir frísk til leiks eftir vel heppnaða Náttúrutónleikana í Laugardalnum um síðustu helgi, en talið er að allt að 30.000 manns hafi þar séð hana og heyrt flytja tónlist eftir sig og aðra. Í tilefni stórtónleikanna samdi Ólöf meðal annars sérstakt baráttulag sem var sniðið til þess að vekja fólk til vitundar um náttúruvernd og skynsamlega auðlindanýtingu og er aldrei að vita nema lagið fái að óma í Sólheimakirkju á laugardag. Ólöf sló annars í gegn á síðasta ári þegar hún gaf út sína fyrstu sólóplötu, Við og við. Skemmst er frá því að segja að platan hlaut frábærar viðtökur almennings og einróma lof gagnrýnenda. Við og við var meðal annars valin plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í mars síðastliðnum ásamt því að vera valin plata

ársins 2007 á þeim ágæta miðli Morgunblaðinu. Það má því búast við vönduðum og skemmtilegum tónleikum á laugardaginn kemur. Ljóst er að Ólöf á sér fjöldann allan af aðdáendum og kætast þeir víst flestir við þá fregn að ókeypis er inn á tónleika hennar á laugardag. Á tímum hækkandi bensín- og matvælaverðs eru ókeypis tónleikar með framúrskarandi tónlistarmönnum ávallt vel þegnir. Tónleikar Ólafar eru þó ekki það eina fréttænema sem á sér stað á Sólheimum á laugardag. Í tilefni af 78 ára afmæli Sólheima verður opnað nýtt þjónustuhús sem hefur hlotið nafnið Vigdísarhús í höfuðið á frú Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands. Húsið verður formlega opnað kl. 15.30 á laugardag og eru allir velkomnir. - vþ

ÓLÖF ARNALDS Kemur fram á síðdegistónleikum í Sólheimakirkju á laugardag.



NÝR MAÐUR - NÝTT NAFN

Lögmannsstofa Ragnars Aðalsteinssonar hrl. og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hrl. hefur fengið nýjan meðeiganda, Arnar Þór Jónsson hdl. Stofan verður framvegis rekin undir nafninu Réttur - Adalsteinsson & Partners og veitir sem fyrr fólki og félögum alhliða þjónustu í sókn og vörn réttinda sinna.



réttur
ráðgjöf & málf lutningur

> VILL NÝJA HÚÐ

Pharell Williams er kominn með leið á tattúveruðum líkama sínum og er tilbúinn að eyða meira en hundrað þúsund dollurum í nýja húð. Á stofnun sem kallast Wake Forest í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum hyggst Pharell láta sauma á sig nýja húð sem stofnunin ræktar út frá sýni af hans eigin húð. „Ég er með eld tattúveraðan á handleggina á mér, svo þetta verður alveg þess virði. Þegar ég verð búinn að jafna mig eftir að þeir hafa saumað að nýju húðina á get ég fengið mér hvaða tattú sem er.“

fólk
folk@frettabladid.is



Gleði og gaman í Topp starfi

Ungmennni úr Topp starfi Hins hússins héldu veglegt lokapartí síðastliðinn föstudag. Síðastliðnar sex vikur hafa krakkarnir, sem eru á aldrinum 16-25 ára, starfað á hinum ýmsu vinnustöðum við góðan orðstír. Það var mikið um dýrðir í Hinu húsinu þar sem boðið var upp á grill og frumsamin skemmtiatriði meðal annars. Ingó og nokkrir meðlimir Veðurguðanna komu svo og tóku lagið og féll það í góðan jarðveg. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á staðinn og fangaði stemninguna.

- shs



VEÐURGUÐIRNIR Ingó fór á kostum í Hinu húsinu ásamt félögum sínum úr Veðurguðunum.



KÁTÍNA Egill og Arna voru kát í partiinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lily og Lindsay syngja dúett


Lily Allen er sögð vilja taka upp dúett með leikkonunni Lindsay Lohan fyrir aðra breiðskífu sína. Lagið sem stöllurnar koma til með að syngja saman heitir Wherever We Go, en samkvæmt heimildum tímaritsins New eru aðdáendur Lily ekki spenntir fyrir samstarfinu og óttast að það muni hafa slæm áhrif á tónlistarferil hennar.

Lily kynntist Lindsay fyrir stuttu þegar hún hitti hana ásamt meintri kærustu hennar Samönthu Ronson í Los Angeles, en Samantha er systir upptökustjórans og tónlistarmannsins Mark Ronson sem átti stóran þátt í fyrstu plötu Lily Allen.



ÖNNUR PLATA Í VINNSLU
Aðdáendur Lily Allen hafa beðið í ofvæni eftir annarri plötu frá söngkonunni, en eru ekki hrifnir af meintu samstarfi hennar með Lindsay Lohan.

LINDSAY LOHAN
Hefur reynt fyrir sér í tónlistinni með fram leiklistarferlinum.



Hringferð Loga hefst í dag

Í kvöld mun Logi Bergmann halda í sólarhrings ferð hringinn í kringum landið. Á ferðinni ætlar hann að spila átján holar á átján golfvöllum til styrktar MND-félaginu.

Með honum í för verða Íslandsmeistararnir Þorsteinn Hallgrímsson og Ragnhildur Sigurðardóttir og popparinn Eyjólfur Kristjánsson. Logi og Ragnhildur á móti

Eyfa og Steina. Það er svo Þorvaldur Lúðvíksson sem sér um að fljúga með hersinguna milli staða en einnig verður notast við annan ferðamáta.

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

BESTA UNGAMAMMAN

KRÍA HEILGALLI

MEÐ SOKKUM OG VETTLINGUM

Kría heilgallinn er frábær ungbarnagalli. Hann er með rennilás sem liggur á ská niður eftir annari skálminni og er því mjög auðvelt að klæða barnið í gallan. Vettlingar og sokkar fastir á skálmum og ermum. Þetta er mjúkur og notalegur heilgalli fyrir þau yngstu. Áföst hetta sem fellur vel að höfði.



SKÚRHELT

66°
NORDUR



MARY-KATE Veit að maður tryggir ekki eftir á.

Tryggir fata-skápinn sinn

Mary-Kate Olsen hefur tryggt fataskápinn sinn fyrir 158 milljónir. Leikkonan á víst svo stórt og mikið safn af flíkum og skóm eftir stærstu hönnuði heims að hún hefur ákveðið að tryggja það ef ske kynni að því yrði rænt eða að flíkurnar eyðilegðust. Mary-Kate og tvíburasystir hennar, Ashley, eru oft á lista yfir best klæddu konur heims. „Mary-Kate á Chanel-tösku sem kostar um þrjár milljónir, flest fötin hennar kosta ekki minna en tvö hundrað þúsund krónur,“ var haft eftir heimildarmanni. Það er því engin furða að stúlkan tryggi sig gegn saumsprettum og lykkjuföllum.

Björk hættir við England



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

Tónleikarnir áttu að fara fram laugardaginn 5. júlí og áttu að vera eina uppákoma Bjarkar í Englandi á þessu ári. Björk hætti við í síðustu viku og bar fyrir sig að skipuleggjendunum hefði ekki tekist að skaffa nauðsynlegan tækjabúnað. Í fréttatilkynningu sögðu skipuleggjendurnir að þeim þætti þetta mikill missir og sverja af sér allt klúður með tækjamál.

Skipuleggjendur Wild in the Country-hátíðarinnar eru mjög vonsviknir yfir því að Björk hafi hætt við að spila á hátíðinni.



BÚIÐ AÐ HREINSA UNÐAN BÍLNUM Það sem gerir þjófnaðinn einkar ósvífinn er að bíllinn stendur við fjölfarin gatnamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Ljósmyndari fórnarlamb bíræfinna dekkjapjófa

Einhver þekktasti ljósmyndari landsins, Páll Stefánsson, varð beinlínis stúmm þegar hann var vakinn upp af lögreglu í gærmorgun og leiddur niður á bílaplan þar sem gat að líta bíl hans í lausu lofti.



FELGA PÁLS Svona líta dekkín út sem þjófarnir höfðu á brott með sér.

„Þetta var hroðaleg aðkoma. Og sérstaklega leiðinlegt er að þennan morgun ætluðum við dóttir mín, sem er 17 ára, að fara niður á lög-reglustöð, sækja skírteinið hennar og fara í fyrsta bíltúrinn. Já, þetta er súrt,“ segir Páll Stefánsson ljósmyndari.

Páll var vakinn

PÁLL STEFÁNSSON Fór ekki í fyrsta bíltúrinn með dóttur sinni, sem er nýkom-in með skírteini, á VW GTI eins og til stóð.



upp af lögreglu korter í átta í gærmorgun. Þá hafði einhver tilkynnt um bíl nánast í lausu lofti sem reyndist bíll Páls, tveggja ára Volks-wagen GTI. „Já, hann stóð upp á endann. Þetta er tjón upp á um 600 þúsund. Og trygg-ingarnar bæta það ekki,“ segir Páll. Lögreglan tjáði honum jafnframt að ekki væri algengt að dekkjum og felgum væri stolið

með þessum hætti. Það sem gerir þennan þjófnað sérstaklega bíræfinn er að bíllinn stendur við til-tölulega fjölfarin gatnamót eða við Dalbraut og Selvogsgrunn þar sem Laugarásvíð er.

„Ég er nánast viss um að þetta hefur verið pantað. Því felgurnar eru sérstakar. Fjórar rær halda þeim auk einnar sem á þarf sérstakan lykil til að opna. Og þjófarnir hafa haft einn slíkan meðferðis.“

Páll segir felgurnar sérstakar, þær eru sérlega stórar vegna stærri bremsuklossa en gengur og gerist. „Sá sem kaupir þýfið getur ekki um frjálst höfuð strokið því ég þekki hverja rispu á þessum felgum og myndi þekkja þær samstundis sjái ég þær aftur,“ segir Páll sem býður fram fundarlaun ef einhver getur orðið til að benda á hvar þær eru niðurkomnar. „Lögreglan sagði bara „shit happens“ en ég geri ráð fyrir því að hún muni rannsaka málið.“ Páll segist aðspurður ekki þekkja hvort menn hafi ráð með að selja felgur og dekk sem þessi úr landi. Og telur vænlegast fyrir þjófana að skila fengnum því ekki sé eins og um milljóna samfélag sé að ræða hér á Íslandi.

jakob@frettabladid.is



ÍSBJARNAMORÐINGJAR? Öllu lendir nú Sigur Rós í.

Kennt um ísbjarnadráp

Strákarnir í Sigur Rós þurfa ekki að kvarta yfir dómum sem nýja platan þeirra hefur fengið, þeir eru vel yfir meðaltali. Miðað við samantekt Metacritic sem byggir á sautján plötudómum fær platan 8,1 í meðaleinkunn. Ísbjarnadráp Íslendinga blandast inn í dóm sem Mark Prindle skrifar á síðu sína. „Þar til Íslendingar hættu að drepa alla sætu ísbirnina sem rekur upp á strendur landsins fær Sigur Rós ekki meira en sex af tíu í einkunn,“ skrifar Mark og telur Sigur Rós ábyrga fyrir dauðu björninum. „Þeir drepa ísbjörn í miðju laginu „Fljótavík“. Af hverju? Það er kominn tími til að einhver kenni Sigur Rós um óbreytileg tengsl mannsins og hinna göfugu skepna Móður jarðar.“

Mark hefur birt plötudóma á netinu síðan 1996 og þykir nokkuð fundinn.

Einstæð Sarah

Leikkonan geðþekka, Sarah Jessica Parker, íhugar nú að taka að sér aðalhlutverk í nýrri kvikmynd, The Ivy Chronicles.



Kvikmyndin mun fjalla um einstæða móður, Ivy Ames, sem missir hálaunaða vinnu sína og verður í kjölfarið að gefa fyrri lífnaðarhætti upp á bátinn og lifa samkvæmt efnum. Söguhetjan Ivy Ames nær þó fljótt tökum á þessu nýja lífi sínu en tíminn einn mun leiða í ljós hvort hún verði ungum einstæðum mæðrum eins mikil fyrirmynd og Carrie með tiskuna. Ef samningar nást verður þetta fyrsta kvikmynd Söruh Jessicu eftir sumarsmellinn Sex and the City.

KRÍA

POLARTEC® THERMAL PRO®



Vann APEX hönnunar-verðlaunin 2004



SPÓI

MERINO ULLARNÆRFÖT



Mjúk og þægileg



Kláðafrí ull!



KRÍA

AUKAHLUTIR



Frábærar tækifærisgjafir



Talar um stafrænt frelsi

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi stendur fyrir opinni ráðstefnu á laugardaginn í Gullteigssal á Grand hóteli á milli klukkan 12 og 18. Aðgangur er ókeypis. Ráðstefnunni er ætlað að vekja Íslendinga til umhugsunar um eðli frelsis á upplýsingaöld. Fjöldi fyrirlesara kemur fram, þeirra á meðal Eben Moglen frá Software Freedom Law Center og John Perry Barlow frá Electronic Frontier Foundation.

John Perry Barlow er þekktur baráttumaður fyrir frelsi í netheiminum og stofnandi samtakanna Electronic Frontier Foundation (EFF) ásamt fleirum. EFF eru þekkt alþjóðleg samtök

sem berjast fyrir málfrelsi í netheiminum á lagalegum og stjórnmálalegum grundvelli. Barlow mætti kalla þúsundþjalasmið orðsins og er hann vel þekktur greinahöfundur og ljóðskáld. Hann samdi marga texta fyrir hljómsveitina The Grateful Dead og situr í stjórn tímaritsins Wired Magazine. Hann er kunnur í netheiminum fyrir greinar sínar, svo sem Sjálfstæðisfirlýsingu netheima (A Declaration of the Independence of Cyberspace), Hagfræði hugmyndanna (Economy of Ideas) og Glæpi og ringulreið (Crime and Puzzlement). Titill fyrirlestrar Barlows á ráðstefnunni er The Right to Know.



ANNT UM FRELSIÐ John Perry Barlow.

Skemmtilegt heimabrudd

Peter and Wolf er fyrsta afurð plötufyrirtækisins Ching Ching Bling Bling sem stofnað var nýlega. Á meðal aðstandenda CCBB er Pétur Jóhann Einarsson sem meðal annars var meðlimur í Pornopop, en hann og Bjarki Markússon mynda dúettinn Peter and Wolf.

Tónlistin á þessum frumburði Peter and Wolf er tilraunakennt sambland af tölvupoppi og indírokki og er skemmtilega ólík flestu öðru sem er verið að gefa út í dag. Nú þykir fátt jafn flott og að taka allt upp beint inn á band í sem fæstum tókum og kalla til glás af hámenntuðum hljóðfæraleikum, en Peter and Wolf eru alveg á hinum endanum hvað sköpunarferlið varðar. Þeir vinna þetta allt sjálfir í heima-stúdíóinu sínu og krukka svo í útkomunni, taka út, bæta við og bjaga og klippa inn í tónlistina brot hédan og þaðan, meðal annars samtalsbrot þeirra sjálfra og gamlar sönglagaupptökur frá fjölskyldu

Bjarka. Útkoman er skemmtilega skrítið heimabrudd. Ljúfasta indípoppi breytist í gamaldags tölvupopp sem þróast yfir í sýrukenndan hljóðagjöfning og svo byrjar nýr poppkafli ... Hljómurinn er „lo-fi“ og Peter and Wolf notast jöfnum höndum við kassagítara, gamaldags trommuheila og synta. Söngurinn er oftast ljúfur og melódískur. Það eru sautján verk á plötunni, en mörg þeirra virka frekar eins og bútar en heil lög þannig að platan virkar best spiluð í heild sinni.

Þess má svo geta á niðurlagi að auk þess að gefa út nýtt efni dreifir Ching Ching Bling Bling eldri plötum aðstandenda útgáfunnar. Þannig er nú aftur hægt að nálgast báðar plötur Pornopop og plötuna Óðs manns æði með pönksveitinni Spírandi baunum, allar þrjár frábærar plötur. Til að fá frekari upplýsingar og tóndæmi er rétt að benda á www.chingchingblingbling.com.

Trusti Júlíusson



TÓNLIST Peter and Wolf Peter and Wolf

★★★★ Tónlist Peter and Wolf er ólík flestu því sem er verið að gefa út í dag. Þetta skrítna sambland af indírokki og tölvupoppi er í senn ljúft og léttleikandi og æpandi tilraunakennt.

HEIMSRUMSÝNING

NÝTT Í BÍÓ!

HANCOCK

KUNG FU PANDA

BIG STAN

HAPPENING

HULK

SEX AND THE CITY

ZOHAN

MEET BILL

INDIANA JONES 4

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

HANCOCK	D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	12
HANCOCK	LÚXUS D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	
KUNG FU PANDA	D HJÓÐ & MYND	kl. 3.45 - 5.50 ISL. TAL	
BIG STAN		kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
THE INCREDIBLE HULK		kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
ZOHAN		kl. 8 - 10.30	10

REGNBÖGINN Sími 551 9000

650kr.

SUMARTILBOÐ

THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
HAPPENING	kl. 8 - 10.10	16
MEET BILL	kl. 5.50 - 8	7
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
ZOHAN	kl. 5.30	10
INDIANA JONES 4	kl. 10.20	12

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

HANCOCK	kl. 6 - 8 - 10	12
BIG STAN	kl. 8	7
THE HAPPENING	kl. 10	16
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5.50	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

HANCOCK	kl. 6 - 8.30 - 10.30	12
KUNG FU PANDA	kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL	
BIG STAN	kl. 6 - 8 - 10	12
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA A

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HANCOCK

KUNG FU PANDA

WANTED

SEX AND THE CITY

NARNIA: PRINCE CASPIAN

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HANCOCK	kl. 4, 6, 8 og 10.10(D)	12
KUNG FU PANDA	kl. 4 og 6 (D)	L
WANTED	kl. 8 og 10.10	16
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 5	7
SEX AND THE CITY	kl. 10.10	14

SAMBÍÓ

SAMBÍÓ

KUNG FU PANDA

HANCOCK

WANTED

NARNIA

SEX AND THE CITY

THE BANK JOB

ALFABAKKA

KUNG FU PANDA	M/SL. TAL. kl. 4D - 6D	DIGITAL	L
KUNG FU PANDA	M/SL. TAL. kl. 4 - 6		VIP
KUNG FU PANDA	M/ENSKU kl. 4 - 6 - 8 - 10.10		L
HANCOCK	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10		12
HANCOCK	kl. 8 - 10.10		VIP
WANTED	kl. 5.30 - 8 - 10.20 - 10.40		16
NARNIA 2	kl. 5 - 8		7
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10.20		12

KEFLAVÍK

WANTED	DIGITAL kl. 8.30D - 10.50D	16
KUNG FU PANDA	M/SL. TAL. kl. 6.30D	L
NARNIA 2	DIGITAL kl. 6D	7
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14
THE BANK JOB	kl. 9 - 11.10	16

TILBOÐSDAGAR

20% - 25% afsláttur af öndunarfátnaði

Til 10. júlí

Jakkar frá kr. 9.995

MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM VÖRUM. FRÁBÆR VERÐ

Íslensku ALPARNIR FERÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

SMÁRABÍÓ ER STÆRSTA DIGITAL BÍÓ LANDSINS

EINI
DIGITAL
LUXUS
SALURINN



SMÁRABÍÓ
HEFUR FLESTA
OG STÆRSTU
DIGITAL SALI
LANDSINS


Pú sérð stórmyndir sumarsins
í fullkomnum mynd-og hljóðgæðum



Hancock




Kung Fu Panda




Hellboy 2



Love Guru



Tropic Thunder



Wall-E



Mamma Mia

SMÁRA  BÍÓ

FULLKOMIN GÆÐI

> Fimm bikarleikir í kvöld

Fimm leikir fara fram í átta liða úrslitum VISA-bikars karla í kvöld og hefjast þeir allir klukkan 19.15. Einn allra athyglisverðasti leikur kvöldsins er á milli Fjölnis og ÍBV á Fjölnisvelli en það munaði bara einu stigi á liðunum í 1. deildinni í fyrra þegar þau börðust um sæti í Landsbankadeildinni. Fjölnir fór upp en ÍBV sat eftir í 1. deildinni. Fjölnir hefur síðan slegið í gegn Landsbankadeildinni en ÍBV er komið með gott forskot í 1. deildinni. Aðrir leikir kvöldsins eru Víðir-Fylkir á Garðsvelli, Víkingur R.-Hamar á Víkingsvelli, Haukar-HK á Ásvöllum og Reynir S.-Grindavík í Sandgerði.

sport
sport@frettabladid.is



ÞÓRIR HÁKONARSON, FRAMKVÆMDARSTJÓRI KSÍ: Á EKKI VON Á ÞVI AÐ FREKARI EFTIRMÁL VERÐI AF LEIK KR OG ÍA

Ummæli Guðjóns ekki tekin frekar fyrir

KR og ÍA mættust í viðburðaríkum leik í Landsbankadeild karla í fyrrakvöld þar sem dómariinn Garðar Örn Hinriksson gaf tveimur leikmönnum ÍA, sem og þjálfaranum Guðjóni Þórðarsyni, rautt spjald. Garðar hótaði enn fremur að flauta leikinn af, eftir að Guðjón var tregur til að færa sig í þá fjarlægð frá varamannaskýli Skagamanna sem dómariinn fór fram á, og hefði haft rétt til þess samkvæmt lögum KSÍ. Guðjón var verulega ósáttur við dómgæsluna og lét fremur þung orð falla í viðtölum við fjölmiðla eftir leikinn þar sem hann sakaði meðal annars Garðar Örn um að beita ÍA ofbeldi og kvað dómaraann bakkaðan upp í því af ákveðnu valdi og átti þar við KSÍ. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, ætlar ekki að taka sérstaklega á ummælum Guðjóns að svo stöddu máli.

„Guðjón fékk brottvísun í leiknum fyrir eitthvað sem dómariinn mat sem svo að væri brottvísunar virði og skýrsla dómarsins fer bara fyrir aga- og úrskurðarnefndina eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Ég ætla ekkert að tjá mig um hvort rauða

spjaldið sé næg refsing fyrir hátterni Guðjóns en mér finnst ummæli hans aftur á móti ekki af þeim toga að það þurfi að skjóta þeim sérstaklega fyrir aga- og úrskurðarnefndina og því sleppti ég því fyrir fundinn í gær. Ég á því ekki von á því að frekar verði aðhafst í málinu,” sagði Þórir, sem telur ummæli Guðjóns ekki jafn alvarleg og neikvæð ummæli sem hann lét falla um dómaraann Ólaf Ragnarsson og KSÍ eftir leik Keflavíkur og ÍA fyrr í sumar. Guðjón fékk þá eins leiks bann og ÍA var enn fremur dæmt til þess að borga tuttugu þúsund króna sekt.

„Það er mitt mat að ásakanir þær sem Guðjón lét falla eftir leik Keflavíkur og ÍA, um að KSÍ og menn innan sambandsins hefðu rangt við, hafi verið mun alvarlegri,” sagði Þórir að lokum.

Guðjón Þórðarson var því dæmdur í eins leiks bann af aga- og úrskurðarnefndinni í gær, sem og Skagamennirnir Bjarni Guðjónsson og Vjekoslav Svadumovic.



EFFITT VERKEFNI Valur mætir FH-bönunum í Bate í fyrstu umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Willum Þór, þjálfari Vals:

Petta var ekki draumadráttur

FÓTBOLTI Í gærðag var dregið í fyrstu umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu og þar mæta Íslandsmeistarar Vals liði Bate frá Hvíta-Rússlandi. Fyrri viðureign liðanna verður í Hvíta-Rússlandi þann 16. júlí næstkomandi en seinni leikurinn verður á Vodafone-vellinum viku síðar en sigurvegariinn úr einvíginu mætir Anderlecht frá Belgíu í annarri umferðinni.

Bate sló FH út úr annarri umferð keppinnar í fyrra með því að vinna 1-3 í Kaplakrika og gera svo 1-1 jafntefli í seinni leiknum í Hvíta-Rússlandi.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, gat ekki leynt vonbrigðum sínum með dráttinn en hlakkar til verkefnisins.

„Þetta var ekki draumadráttur, svo mikið er víst. Ég ætla ekki að fara í grafgötur með að Bate var það lið í pottinum sem við vildum alls ekki fá. Bæði er þetta getulega gríðarlega öflugt lið og auk þess biður okkar langt og strangt ferðalag til Hvíta-Rússlands. En það þýðir ekkert að kvarta undan þessu og markmið okkar um að komast í aðra umferð stendur enn,” sagði Willum Þór.

- óþ

FÓTBOLTI Garðar Örn Hinriksson dómari hefur staðið í ströngu í sumar. Síðast í leik KR og ÍA þar sem hann þurfti þrisvar að gripa til rauða spjaldsins.

„Ég hef þolinmæði fyrir smá kvarti en þegar menn eru orðnir dónalegir þá fá þeir spjald,” sagði Garðar Örn í útvarpsþættinum Skjálfanda á X-inu 977 í gær. Mörgum finnst sem Garðar sé á köflum fullfljótur í að spjalda menn í sumar og leiði ekki hjá sér svekkelsi leikmanna. Garðar segir vera skýringu á því.

„Ég veit að það verður allt vitlaust í þjóðfélaginu þegar ég segi þetta en ég tel mig vera mun betri í ár en í fyrra. Ástæðan fyrir því að ég spjalda meira og fyrr er sú að menn eru orðnir dónalegir. Ég hef fengið að heyra margt ljótt í sumar,” sagði Garðar Örn, sem gaf aðeins eitt rautt spjald síðasta sumar.

Garðar Örn segir landslagið í boltanum vera að breytast mikið hér á landi. Hann verði var við það sem og kollegar hans.

„Það er alveg klárt að menn eru að rífa meiri kjaft núna en áður og eru með ljótari talsmáta. Það er búið að vera mjög erfitt að dæma í sumar. Mikið áreiti innan sem utan vallar. Það er ekkert grín að dæma þessa leiki í dag og þá er ég ekki bara að tala um þátt sem gerist innan vallar heldur líka utan vallar. Maður veit ekki hverju maður á von á.

Eftir leikinn á KR-vellinum leit ég stöðugt aftur fyrir mig ef einhver hefði hlaupið inn á völinn.



FARÐU UPP Í STÚKU Garðar Örn Hinriksson hefur lent í ýmsu í sumar. Hann sést hér vísa Guðjóni Þórðarsyni upp í stúku í hálfleik á leik KR og ÍA. Stefán Þórðarson hristir hausinn yfir öllu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það eru tveir menn að verja mig. Hvað ætla þeir að gera ef fimmtán manns hlaupa inn á völinn? Þá hjálpar flautan mér ekkert.

Dómarar eru farnir að óttast um öryggi sitt. Áhorfendur eru oft fyrir ofan þar sem við löbbum til búningsherbergja og við biðum alltaf eftir því að einhverju verði kastað í okkur. Það er nánast orðið hættulegt að vera dómari hérna. Það hefur enn ekkert gerst en það kemur að því. Ég get lofað því,” sagði Garðar þungur á brún og bætir við:

„Áhorfendur hér á landi eru orðnir miklu verri en áður,” sagði Garðar en hann hefur tapað gleðinni í þeim látum sem hafa verið síðustu vikur.

„Eins og ástandið er í dag þá hef ég rosalega lítinn áhuga á því að dæma. Þetta er leiðinlegt og maður getur ekki einu sinni farið niður í miðbæ um helgar að skemmta sér. Ég verð bara að fá mér hárkollu og yfirvaraskegg ef ég ætla að labba óáreittur niður Laugavegin um helgar. Ég hef ekki farið í miðbæinn í marga

mánuði. Ég treysti mér ekki til þess,” sagði Garðar en hvað á að gera til að breyta þessu?

„Ég veit það ekki en menn geta kannski byrjað á því að róa sig niður og vanda orðavalið í viðtölum. Þetta er ekkert venjulegt orðaval heldur er valtað yfir menn. Menn eru teknir af lífi,” sagði Garðar, sem útilokar ekki að leggja flautuna á hilluna í lok sumars. „Ef þetta heldur svona áfram þá hætti ég. Þetta er ekki þess virði,” sagði Garðar Örn Hinriksson.

henry@frettabladid.is

Garðar Örn Hinriksson skráði sig á spjöld sögunnar í leik KR og ÍA:

Nýtt Íslandsmet í rauðum spjöldum

FÓTBOLTI Garðar Örn Hinriksson setti nýtt met í efstu deild þegar hann lyfti sínu áttunda og níunda rauða spjaldi í leik KR og ÍA á KR-vellinum á mánudagskvöldið.

Enginn annar dómari í sögu efstu deildar á Íslandi hefur rekið jafnmarga leikmenn út af með rautt spjald á einu tímabili. Þessu náði Garðar Örn í sínum níunda leik. Það eru enn þrettán umferðir eftir af deildinni.

Í þessari tölfraði er aðeins átt við leikmenn á völlum en það er ekki innifalið þegar dómari rekur þjálfara, aðstoðarþjálfara eða forráðamenn af bekknum. Garðar

hefur gefið þrjú slík rauð spjöld í sumar og því tólf rauð spjöld í heildina.

Þrír dómarar áttu gamla metið, Gylfi Þór Orrason (1994), Ólafur Ragnarsson (1995) og Kristinn Jakobsson (1999), en þeir gáfu alls sjö rauð spjöld þessi sumar. Garðar Örn hafði mest gefið sex rauð spjöld sumarið 2006.

Garðar Örn Hinriksson hefur rekið fjóra leikmenn af velli í þeim þremur leikjum sem hann hefur dæmt hjá Skagamönnum í sumar en hann rak Jón Vilhelm Ákason út af í 1-1 jafntefli ÍA og Breiðabliks, rak Andra Júlíusson út af í 0-0 jafntefli ÍA og Vals og svo rak hann bæði Vjekoslav Svadumovic og Bjarna Guðjónsson út af í 0-2 tapi ÍA á móti KR.

Í þessum þremur leikjum hefur Garðar alls lyft 20 spjöldum, Skagamenn hafa fengið 18 en mótherjar þeirra aðeins tvö. - 66j

FLEST RAUÐ SPIJÖLD Á TÍMABILI Í EFSTU DEILD:

Garðar Örn Hinriksson 2008	9
Gylfi Þór Orrason 1994	7
Ólafur Ragnarsson 1995	7
Kristinn Jakobsson 1999	7
Egill Már Markússon 1993	6
Bragi Bergmann 1998	6
Kristinn Jakobsson 2004	6
Kristinn Jakobsson 2005	6
Garðar Örn Hinriksson 2006	6
Erlendur Eiríksson 2006	6

Í KUNNUGLEGGRI STELLINGU

Garðar Örn, sem oft er kallaður Rauði baróninn, hefur lyft ófáum spjöldunum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR



STÓRA GOLFHELGIN Í KIÐJABERGI
í boði Icelandair



Golfers

Icelandair Golfers
Laugardaginn 5. júlí

Ræst út frá kl 8:00
18 holu betri bolti punktar.

Glæsileg verðlaun fyrir 5 efstu sætin.
Nándarverðlaun á öllum par 3.
Mótsgjald 7000 kr. fyrir parið

Hjóna og parakeppni
Sunnudaginn 6. júlí

Ræst út frá kl 8:00
18 holu Texas scramble.

Glæsileg verðlaun fyrir 5 efstu pörin
Nándarverðlaun á öllum par 3.
Mótsgjald 7000 kr. fyrir parið

Skráning á golf.is og í síma 4864495



KIÐJABERG Í GRÍMSNESI
Golfvöllur og útivistarparadís



FÍNN DRÁTTUR Bæði FH og ÍA ættu að eiga góða möguleika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forkeppni UEFA-bikarsins:
FH og ÍA geta vel við unað

FÓTBOLTI FH og ÍA voru í pottinum þegar dregið var í fyrstu umferð forkeppni UEFA-bikarsins í gærðag.

FH mætir Grevenmacher frá Lúxemborg og leikur fyrri leikinn í Kaplakrika 17. júlí og seinni leikinn ytra 31. júlí. KR mætti einmitt Grevenmacher í forkeppni UEFA-bikarsins árið 1995. KR tapaði þá fyrri leiknum ytra 3-2 en vann seinni leikinn á KR-vellinum 2-0 og komst áfram og mætti Everton í framhaldinu.

ÍÁ mætir finnska liðinu FC Honka og fer fyrri leikurinn fram í Finnlandi 17. júlí en sá síðari á Skipaskaga 31. júlí. Skagamenn hefðu getað lent á móti Manchest-er City en það kom þess í stað í hlut færeyska liðsins EB/Streymur.

- óþ



ARON Er ánægður með dráttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Haukar fara til Kýpur:
„Góður dráttur“

HANDBOLTI Haukar mæta liði frá Kýpur í undankeppni Meistaradeildar Evrópu. Liðið heitir Cyprus College en Aron Kristjánsson, þjálfari Íslandsmeistaranna, veit ekkert um andstæðinginn. „Ég veit bara að landslið Kýpur er ekki sterkt. Þetta er góður dráttur og við eigum mjög góða möguleika á að komast áfram,“ sagði Aron.

Fyrri leikurinn fer fram fyrstu helgina í september en Haukar ætla að skoða fljótlega hvort hagkvæmt er að selja heimaleik sinn og spila báða leikina ytra.

- hþh

ÚRSLITIN Í GÆR

NM 16 ára landsliða kvenna:

Ísland-Danmörk 2-6
Freyja Viðarsdóttir og Silvía Rán Sigurðardóttir skoruðu mörk Íslands. Stelpurnar spila við Þjóðverja í lokaleik riðilsins á morgun.

Landsbankadeild kvenna:

Valur-Fylkir 4-1
1-0 Katrín Jónsdóttir (20.), 1-1 Lizzy Karoly (56.), 2-1 Dóra María Lárusdóttir (59.), 3-1 Dóra María Lárusdóttir (63.), 4-1 Helga Sjöfn Jóhannesdóttir (79.).
HK/Víkingur-Breiðablik 2-5
0-1 Greta Mjöll Samúelsdóttir (32.), 0-2 Fanndís Friðriksdóttir (64.), 0-3 Harpa Þorsteinsdóttir (67.), 0-4 Fanndís Friðriksdóttir (70.), 1-4 Berglind Bjarnadóttir (79.), 2-4 Lidija Stojkanovic (82.), 2-5 Sigríður Björk Þorláksdóttir (85.).
Fjölnir-KR 0-5
0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir , 0-2 Hólmfríður Magnúsdóttir, 0-3 Olga Færseth, 0-4 Hrefna Huld Jóhannesdóttir, 0-5 Hrefna Huld Jóhann- esdóttir.
Afturelding-Keflavík 1-0
1-0 Elín Svavarsdóttir.

STAÐAN Í DEILDINNÍ:

Valur	8	8	0	0	33-6	24
KR	8	7	0	1	25-6	21
Stjarnan	7	4	2	1	15-6	14
Afturelding	8	3	2	3	5-6	11
Breiðablik	8	3	1	4	16-13	10
Keflavík	8	2	2	4	10-20	8
Þór/KA	7	2	1	4	10-14	7
Fylkir	8	2	0	6	6-21	6
HK/Víkingur	8	1	2	5	7-17	5
Fjölnir	8	1	2	5	5-23	5

Skagamenn fengu þrjú rauð spjöld gegn KR, öll þeirra tengd kjaftbrúki við dómarann Garðar Örn:
Skagamenn ætluðu að láta dómarann eiga sig

FÓTBOLTI „Það var uppálagt hjá okkur fyrir leik að láta dómarann eiga sig og vera ekki í neinum orðaskiptum við þá,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, við Fréttablaðið eftir 2-0 tapið gegn KR á mánudag. Þau tilmæli virðast ekki hafa skilað sér.

Skagamenn fengu þrjú rauð spjöld í leiknum. Eitt þeirra var beint rautt spjald fyrir orðbragð, það fékk Guðjón sjálfur. „Ég var bara að kalla Stefán í burtu,“ sagði Guðjón.

„Stefán, það þýðir ekkert að tala við þessi fífl, komdu þér í burtu,“ viðurkenndi Guðjón svo að hafa sagt í hálfleiknum í viðtali á RÚV. Vjekoslav Svadumovic fékk gult

spjald fyrir brot á Stefáni Loga markmanni og annað gult og þar með rautt fyrir mótmæli í kjölfarið. Guðjón sagði að eftir því sem honum hefði verið sagt hefði leikmaðurinn ekki farið í Stefán Loga og að hann hefði svo alls ekki verið að tala við dómarann þegar hann blótaði og fékk þar með rautt spjald.

„Garðar túlkaði þetta sem svo að hann hefði verið að tala við sig. Vjeko er varla talandi á ensku þannig að ég veit ekki hvað fór þarna á milli,“ sagði Guðjón.

Um fyrra gula spjaldið á Bjarna sagði Guðjón þetta: „Þá vildi hann að dæmt yrði leikbrot á Pétur þegar hann fór í hnakkann á Heimi

Einarssyni. Hann spurði dómarann af hverju hann dæmdi ekki á það. Þar fékk hann gult spjald,“ sagði Guðjón.

Skagamenn hafa nú fengið sjö rauð spjöld í nú leikjum í deildinni í sumar.

- hþh



FYRSTUR AF VELLI Logi Ólafsson á hér orðaskipti við Vjekoslav Svadumovic eftir að Skagamaðurinn fékk fyrstur þriggja Skagamanna að láta rauða spjaldið í leiknum gegn KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VISA BIKARINN 2008

16 liða úrslit karla

Miðvikudaginn 2. júlí kl. 19:15

Haukar - HK	Ásvellir
Víðir - Fylkir	Garðsvöllur
Reynir S. - Grindavík	Sparisjóðsvöllurinn
Víkingur R. - Hamar	Víkingsvöllur
Fjölnir - ÍBV	Fjölnisvöllur

Fimmtudaginn 3. júlí kl. 19:15

Keflavík - FH	Sparisjóðsv. Keflavík
KR - Fram	KR-völlur
Breiðablik - Valur	Kópavogsvöllur



VISA styður íslenska boltann

> Amanda Bynes

„Ég fæ bara eitt líf og mér finnst það spennandi og ég ætla að njóta þess,“ sagði ungstirnið Bynes en hún leikur í sjónvarpsþáttunum „What I Like About You“ sem sýndir eru á Skjá einum.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM ÚTNEFNIR VIÐTALSKONUNG ÍSLANDS

Gaupi er konungur viðtalanna

Ég horfi bara á fótbolta í sjónvarpinu og nánast ekkert annað. Sérstaklega mikið fylgist ég með Landsbankadeildinni á Stöð 2 sport. Þá leiki sem ég mæti ekki á, horfi ég á í sjónvarpinu. Í hálfleik og eftir leiki eru tekin viðtöl við þjálfara og leikmenn og er slík vinna erfiðari en margur gerir sér grein fyrir. Þjálfari tapliðsins er pirraður og leikmennirnir líka. Þeir reyna að snúa út úr spurningunum og eru viðskotailir. Leikmenn og þjálfari sigurliðsins eru hins vegar kátir og myndu svara hvaða spurningu sem er án þess að gera athugasemdir.

Þessar aðstæður höndlar enginn betur en Guðjón Guðmundsson. Hann höndlar ekki bara aðstæðurnar, heldur elskar hann þær, að því er manni sýnist. Þegar Garðar Örn Hinriksson stöðvaði leikinn KR-ÍA til að reka Guðjón Þórðarson í burtu, þá kviknaði í mínum manni. Hann var mættur upp við átökin



og dreif svo formann ÍA, Gísli Gíslason, í viðtal að þeim loknum. Það sem við í sjónvarpinu sáum ekki, en átti sér þó stað samkvæmt mínum heimildum, var að þegar klippt hafði verið á spjallið, þá leit hann djúpt í augun á Gísli og setti þumalinn upp í loft sem tákn um: „Góður Gísli.“ Þetta kallar maður ástríðu.

Gaupi er eldri en tvævetur og leyfir mönnum ekki að komast upp með neitt kjaftæði. Lætur aldrei slá sig út af laginu þó menn segi fússumsvei, eða svo gott sem. Aðrir íþróttafréttamenn eiga til að virka hræddir við Willum Þór Þórsson og Gaua Þórðar, en ekki Gaupi. Það er þetta sem gerir Gaupa að viðtalskonungi Íslands. Í öðru sæti er Arnar Björnsson sem því miður sést allt of lítið á skjánum.

EKKI MISSA AF



► 20.00 King of Clubs - AC Milan STÖÐ 2 SPORT



► 20.00 Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



► 21.15 Heimkoman (October Road) SJÓNVARPIÐ



► 21.25 Style Her Famous SKJÁREINN



► 21.50 Medium STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.15 Landsmót hestamanna (1:7) (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Kappflugið í himingimnum

17.55 Alda og Bára (21:26)

► 18.00 Disneystundin Alvöru dregi, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keis-arans.

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.00 Baldni folinn (Rough Diamond) (2:6) Breskur myndaflokkur um tamningamann í Kildare-sýslu á Írlandi sem stendur í stórræðum.

20.50 Úr vöndu að ráða (Miss Guided) (4:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspönn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi.

21.15 Heimkoman (October Road) (1:6) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagna-höfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn. Aðalhlutverk: Brad William Henke, Bryan Greenberg, Evan Jones og Laura Prepon.

22.00 Tíufréttir

22.25 Landsmót hestamanna Stuttur samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum við Hellu.

22.40 Saga roksins (Seven Ages of Rock) (6:7)

23.30 Kastljós (e)

23.50 Dagskrárlök

BIÓ

08.00 Pelle Politibil

10.00 Agent Cody Banks 2. Destina-tion London

12.00 Stick it

14.00 Wild Hogs

16.00 Pelle Politibil

18.00 Agent Cody Banks 2. Destina-tion London

20.00 Stick it Mynd frá Disney fyrir alla fjölskylduna með Jeff Bridges í aðalhlutverki.

22.00 Marked for Death

00.00 Hybercube. Cube 2

02.00 La Vie Nouvelle

04.00 Marked for Death

06.00 12 Days of Terror

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Camp Lazlo og Tommi og Jenni.

08.10 Oprah

08.50 í finu formi

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 La Fea Más Bella

10.10 'Til Death

10.40 My Name Is Earl (12:22)

11.10 Homefront (17:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Neighbours

12.50 Sisters (21:24)

13.40 Grey's Anatomy (24:36)

14.25 Derren Brown. Hugabrellur (1:6)

14.50 Friends

15.15 Friends

15.55 Skrímslaspilið (Yu Gi Oh)

16.18 BeyBlade

16.43 Könnuðurinn Dóra

17.08 Ruff's Patch

17.18 Tracey McBean

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

► 18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.54 Ísland í dag

19.30 The Simpsons (11:22)

19.55 Friends (12:23)

20.20 Flipping Out (4:7)

21.05 Cashmere Mafia (3:7) Fjórar nánar vinkonur búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið. Fallegar, fjáðar og á ofsahraða á framabraitinni. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.

21.50 Medium (13:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í út- hverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfir- náttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina fram- liðnu.

22.35 Oprah

23.20 Grey's Anatomy (25:36)

00.05 Women's Murder Club (3:13)

00.50 Moonlight (5:16)

01.35 Campfire Stories

03.10 Crossing Jordan (1:21)

03.55 Flipping Out (4:7)

04.45 Cashmere Mafia (3:7)

05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

18.05 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttarþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið fjöldin.

18.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

19.30 Kraftasport 2008 Sýnt frá keppni- inni um Sterkasta mann Íslands en allir sterkustu menn landsins mættu til leiks.

20.00 King of Clubs - AC Milan Vand- aður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnuliði veraldar.

20.30 Meistaradeildin - Gullleikir AC Milan - Barcelona 1994. Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraliða árið 1994 var háður í Aþenu í Grikklandi. Flestir bjuggust við jöfnum og spennandi leik en þegar á hólminn var komið reyndist AC Milan miklu sterkara og hreinlega valtaði yfir Barcelona.

22.15 Landsbankamörkin 2008 Allir leik- imir, öll mörkin og bestu tilþriffin í umferð- inni skoðuð í þessum þætti.

23.15 Main Event (#7) - World Series of Poker 2007 Á Heimsmótaröðinni í póker ►setjast snjöllustu pókerspilalar heimsins að spílaborðinu og keppa um stórar fjár- hæðir.

SPORT 2

18.05 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

18.35 Football Icon Ensukur raunveru- leikarþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englands- meistara Chelsea. Fjórtnán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þeir eru eftir í lokarþættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.

19.25 Bestu bikarmörkin - Liverpool Bikarveisla að hætti Liverpool en félag- ið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).

20.20 10 Bestu - Ríkharður Jóns- son Sjötti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

21.10 PL Classic Matches Man United - Ipswich. 94/95. Hápunktamir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

21.40 Masters Football UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

15.35 Vörutorgs

16.35 Girlfriends

17.00 Rachael Ray

17.45 Dr. Phil

18.30 Dynasty Blake

19.20 Kid Nation (e)

20.10 What I Like About You (4:22) Gamansería um tvær ólkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði frá Japan flytur unglingsstúlkan Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie. Holly er mikill fjörkálfur sem á það til að koma sér í vand- ræði og setur því allt á annan endann í lífi ►hinnar ráðsettu eldri systur sinnar.

20.35 Top Chef (8:12) Bandarísk raun- veruleikasæja þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.

21.25 Style Her famous (4:10) Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjórnunar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann hörkuvendi í slökkviliðinu sem langar að endurheimta kvenlegt útlit. Hún fær að upplifa það að líta út eins og Jessica Simpson.

21.50 How to Look Good Naked (7:8) Bandarísk þáttaröð þar sem Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfssálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögu- legar línur. Að þessu sinni heimsækir Carson tveggja barna móður sem hefur ekki verið ánægð með líkama sinn síðan hún gekk með seinna barnið.

22.20 Secret Diary of a Call Girl (7:8)

22.50 Jay Leno

23.40 Eureka (e)

00.30 Dynasty (e)

01.20 Girlfriends (e)

01.45 Vörutorg

02.45 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



25% AFSLÁTTUR SUMARTILBOÐ





LYFJA - Lifið heil

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

Cashmere Mafia

Þar sem Darren Star leggur hönd á plóg verður útkom-an skotheldur þáttur fyrir stelpur og stráka. Fyrst voru það Beverly Hills og Melrose Place, svo Sex and the City og nú Cashmere Mafia. Fjórar nánar vinkonur búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið. Fallegar, fjáðar og á ofsahraða á framabrautinni. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.



► VIÐ MÆLUM MEÐ

Saga rokksins
Seven Ages of Rock
Sjónvarpið kl. 22.40

Bresk heimildarþáttaröð um sögu rokktonlistar frá því um 1960 og til nútímans. Í þættinum í kvöld verður fjallað um bandaríska neðanjarðar-pönkið á níunda áratugnum og „grunge“-sprenginguna á þeim tíunda. Við sögu koma R.E.M., Nirvana, The Pixies, Kurt Cobain, Black Flag, Pearl Jam, Sonic Youth og The Replacements.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Viltu syngja minn söng?

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Útvarpsleikhúsið: Fjallangan

13.15 Á sumarvegi

14.03 Bravó, bravó!

15.03 Útvarpssagan: Múrin í Kína

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Flækingur

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Á sumarvegi

20.00 Leynifélagið

20.30 Tímakom

21.10 Sólarglingur

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Svartfugl

22.45 Svörtu sönggyðjurnar

23.30 Loftbelgur

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tonlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun /

Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (17:22)

17.30 Special Unit 2 (5:19)

18.15 Skins (1:9)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (17:22)

Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Special Unit 2 (5:19)

Gaman-samir bandarískir spennubættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Skins (1:9)

Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlýfja-neyslu og fleiri vandamála sem stöðja að unglingum í dag.

22.00 Shark (16:16)

Sebastian Stark sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftast en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

22.45 Traveler (5:8)

Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðju-verkasprengju á safni.

23.25 Twenty Four 3 (6:24)

00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst...

Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Gestir: Bryndís Schram, Elísabet Jökulsdóttir, Sigríður Klingenberg.

21.00 Ákveðin viðhorf

Umsjón: Ásrún Friðbjörnsdóttir og Ása Baldursdóttir. Gestur: Jónína K. og Fífa Finnsdóttir.

21.30 Óli á Hrauni Umsjón:

Ólafur Hannesson formaður Jafnréttindafélagsins. Í þáttunum fjallar hann um imynd Íslands.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Hammerslag

11.30 Søren Ryge præsenterer

12.00 Det lille hus på prærien

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.05 Last Exile

13.30 SommerSummerum

15.05 Monster allergi

15.30 Kære Sebastian

15.50 Lisa

16.00 Sommertid

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 SommerVejret

17.05 Hercule Poirot

18.00 Hestebrødrene

18.30 De store bjørne

19.00 TV Avisen

19.25 SportNyt

19.30 Sommervejret på DR1

19.40 Slangen i Paradiset

21.10 Onsdags Lotto

21.15 Flair for mord

22.50 Seinfeld

NK1

8.00 H2O

8.25 Klasse 9a

8.55 Autofil jukeboks

9.55 Dansefot jukeboks

10.55 Ekstremvær jukeboks

12.00 Wimbledon direkte

15.50 Oddasat - nyheter på samisk

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Fiffi og blomsterbarna

16.10 Gnottene

16.40 Distriktisnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Kollektivet i Köping

17.55 Kaoskontroll

18.25 Litt som deg

18.55 Distriktisnyheter

19.00 Dagsrevyen

21 19.30 Vikinglotto

19.40 Kriseteamet

20.30 1 kveld

21.00 Kveldsnytt

21.15 Nachspiel Wimbledon

21.35 Hva skjedde med Diane?

23.10 Viten om

23.40 Du skal høre mye jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Himlen över Danmark

10.35 Mitt i naturen

12.15 Mitt liv utan mig

14.00 Rapport

14.05 Gomorron Sverige

15.00 För några grams skull

15.30 Fantastiska berättelser

16.00 Lilla röda traktorn

16.10 Storasyter och lillebror

16.15 Bosse bogserbåt

16.30 Hej hej sommar

16.31 Planet Sketch

16.50 Det femte väderstreck

17.00 Blue water high

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Uppdrag granskning - sommarspecial

19.00 Mördare okänd

20.45 Rapport

20.55 Sommartorpet

21.25 Packat & klart sommar

21.55 Baronessan

22.25 Blod, svett och danska skallar

22.50 Sändningar från SVT24

SIJÓVÁ

SagaCapital

UMHVERFIS LANDIÐ
Á 80 HÖGGUM
TIL STYRKтар MND-FÉLAGINU
FRAMLÖG OG UPPLÝSINGAR Í ÞJÓNUSTUVERI VODAFONE Í SÍMA 1414

HRINGURINN HEFST Í ÍSLANDI Í DAG KL. 19.10 Á STÖÐ 2

Logi og félagar spila eina holu á 18 golfvöllum umhverfis landið á sólarhring, til styrktar MND-félaginu. MND er ólæknandi tauga-sjúkdómur sem lamar fólk og dregur til dauða á skömmum tíma.

Hringdu í þjónustuver Vodafone í síma 1414 fyrir framlög eða nánari upplýsingar um söfnunina.

908 1001 – 1.000 króna framlag
908 1003 – 3.000 króna framlag
908 1005 – 5.000 króna framlag

SPORT

besta sætið

GAMLA MYNDIN

„Ég man vel eftir þessari mynd því ég var akkúrat að keppa á Landsmóti hestamanna á Hellu á laugardeginum þegar myndin birtist í Vísí. Það endaði reyndar með ósköpum því ég datt af baki þegar ég var að keppa í 800 metra stökki og fleytti kerlingar á þúfunum. Ég slapp þó furðu vel en eftir það hætti ég að keppa.“

Harpa Karlsdóttir læknafróðingur. Myndin var tekin þegar Harpa var sumarsúlka Vísis í júlí 1981.

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

LÁRÉTT

2. ómskoðun, 6. þys, 8. forsögn, 9. lærdómur, 11. fyrir hönd, 12. rusl, 14. viðburður, 16. málmur, 17. skammstöfun, 18. lyftist, 20. samtök, 21. snöggur.

LÓÐRÉTT

1. lögun, 3. sjúkdómur, 4. skynja, 5. lík, 7. sárabindi, 10. gilding, 13. því næst, 15. útungun eggja, 16. tímabils, 19. átt.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. mynd, 3. ms, 4. upplifa, 5. nár, 7. sárall, 10. mál, 13. svo, 15. 17. ofl, 18. rís, 20. aa, 21. snar.

LÁRÉTT: 2. ómun, 6. ys, 8. spá, 9. klak, 16. 19. sa.

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Smart

hlaupastíll

Letta leiðin til að hlaupa!

www.smartmoban.is

KALDÁRSEL

sumarbúðir fyrir káta krakka

Skráningarsími

588 8899

OPNUNARTILBOÐ

Skeljar

199,000,-

Eigum

gríðalegt úrval af

rafmagnspottum!

Arctic Spas

Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík

Heitirpottar.is • sími 554 7755

30

FRÉTTABLAÐIÐ

2. júlí 2008

MÍÐVIKUDAGUR

Grímur lukkunnar pamfíll í Búðardal

„Þetta leggst mjög vel í mig. Skemmtilegt að fara úr fiski í landbúnaðinn,“ segir Grímur Atlason sem í gær var ráðinn sveitarstjóri Dalabyggðar. Hann leggur nú drög að því að flytja með sitt og sína í Búðardal.

Í vor var Grími óvænt sagt upp störfum sem sveitarstjóri í Bolungarvík í kjölfar umskipta í sveitarstjórninni. Urðu nokkur læti í kringum brotthvarf hins vel liðna sveitarstjóra. Grímur neitar því enda að hafa verið óþekkur eða hann hafi þurft frá að hverfa vegna yfirlýsinga sinna um óvelkomna olíuhreinsistöð á Vestfjarðakjálkanum.

„Nei, ég var ekki óþekkur í Bolungarvík. Það er ákveðin stjórn-sýsla í sveitarstjórnnum, ég er framkvæmdastjóri og er í umboði sveitarstjórnarinnar – sem er svo í umboði fólksins. Það er ekki flóknara en svo,“ segir Grímur.

Fyrsta verkefni Gríms verður að kynnast sveitarfélaginu, hvernig það virkar og hvernig hver og einn virkar innan þess. „Kynnast þessari sveit og því sem máli skiptir: Fólkinu. Fá virkni í þetta. Þetta er eins og að stjórna fót-boltaði: Ná upp gæðum, tengslum og stemmningu.“

Þegar Grímur var á Bolungarvík stofnaði hann, ásamt Lýði Árnasyni lækni, hljómsveitina Grjóthrun. Grímur segir þá hljómsveit ekki hætta nema síður sé. Og vel megi vera að hann gangist í að hljómsveit verði stofnuð í Búðardal.

GRÍMUR ATLASON Gæti vel farið svo að hann stofni hljómsveit í Búðardal rétt eins og hann gerði í Bolungarvík.

BJÖRG JÓNSDÓTTIR: LAG VÖÐVATRÖLLA ORÐIÐ LEIKSKÓLALAG

Hó, hó, hó verður bæ, bæ, bæ

„Þetta lag varð örugglega eftirlætislag allra leikskólabarna þegar það var flutt. Stuðlag og auðvelt að muna textann,“ segir Björg Jónsdóttir, leikskólastjóri á Vallarseli á Akranesi.

Leikskólakrakkar á Vallarseli gerðu sér lítið fyrir þegar þau kvöddu leikskólann sinn og gerðu „Hó, hó, hó, we say hey, hey“ eftir Barða Jóhannsson sem Merzedes Club flutti í forkeppni Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva, að sérlegum kveðju-söng skólans. Og fluttu með tilþrifum við nýjan íslenskan texta eftir Steinunni Svanborgu Gísladóttur leikskólakennara. Lagið heitir nú „Bæ, bæ, bæ kveðjum Vallarsel!“

„Lagið er sungið í öllum leikskólum landsins en Steinunn samdi texta og sneri upp á okkar leikskóla. Þetta er ekki síður hugmynd barnanna en okkar. Þau eru svo frjó börnin og grípa lög um leið,“ segir Björg. Vallarskóli er tónlistarleikskóli, þar hefur verið rekið öflugt tónlistarlíf nú í tíu ár og býr skólinn yfir góðu safni hljóðfæra sem börnin spila á. Er þar um að ræða allskyns ásláttarhljóðfæri: Klukkuspil og bongótrommur.

„Þetta var rosalega skemmtilegt. Þau fluttu lagið svo í lok maí á útskriftardegi deildarinnar. Þetta eru börn sem fædd eru 2002 og okkur langar nú til að gera

EFNILEGIR KRAKKAR Tóku Eurovision-slagara Barða og gerðu að sínum við íslenskan texta.

BÆ, BÆ, BÆ, KVEÐJUM VALLARSEL

Höf.: Steinunn Svanborg Gísladóttir

Sjá, við syngjum öll í kór.

Vá, hvað við erum orðin stór.

Já, Vallarsel.

Það er búið að vera gaman að vera hér,

hjá ykkur en núna,

við höldum öll á braut.

Bæ, bæ, bæ, kveðjum Vallarsel,

allir fara í skóla og allir læra að lesa.

Bæ, bæ, bæ, kveðjum Vallarsel,

allir fara í skóla og allir læra að lesa.

Bæ, bæ, bæ, kveðjum Vallarsel.

Við getum ekki stoppað.

Bæ, bæ, bæ, kveðjum Vallarsel.

Við getum ekki stoppað.

Sjá í skólann förum hress,

já, við segjum núna bless.

Já, Vallarsel.

Það er búið að vera gaman að vera hér

hjá ykkur en núna

við höldum öll á braut.

Valgeir Magnússon, umboðsmaður Merzedes Club, er að vonum ánægður með þennan óvænta heiður og sendi krökkunum upptökur af undirleiknum án radda. „Já, þetta er bara það sama og var notað í Eurovision.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eftir gífurlega dýfu hlutabréfa-markaðarins hafa margir brostið í grát og syrgt þær fúlur sem þeir töpuðu á hinum og þessum fyrirtækjum. Huga menn með hryllingi til þeirra fyrirtækja sem féllu hvað mest. Öðru máli gegnir hins vegar um Garðar Thor Cortes. Á nýrri plötu hans, When You Say You Love Me, er FL-Group ofarlega á þakkarlista hans. Þá fær Hannes Smárasón sérstaklega góðar þakkir. Þykir ólíklegt að Garðar hafi verið hluthafi í fyrirtækinu.

Gunnar Hansson, leikarinn geðþekki og umboðsmaður Vespa-mótorhjólá, svífur nú um göturnar og menn svífa á hann og heilsa fagnandi. Vespur hafa gersamlega slegið í gegn hér á landi og Gunnar er einn þeirra sem öðrum þræði eru þakklátir fyrir hækkandi olíuverð því Vespurnar eyða sáralitlu sem engu og því málið. Nú þegar hefur Gunnar selt rétt tæplega fimmtíu hjól og er kominn í vandræði með pantanir því svo mikil er ásóknin.

Fjölmargin koma við sögu Kristjáns Hreinssonar Skerjafjarðarskálds í nýrri golfbók hans svo sem þeir Stebbi og Eyfi auk þess sem sagt er af séra Erni Bárði og Björgólfi Guðmundssyni. Þá er ónefndur Ellert B. Schram sem gerir gott betur en koma við sögu því hann skrifar eftirmála bókarinnar þar sem hann segir meðal annars ekki ætla að láta þennan „karlung“ hafa sig undir í golfinu. „Ég bið spenntur eftir vorinu. Þá duga engir kviðlingar, Kristján minn. Þá verða það högginn sem telja.“ -shs/jbg

Opnaði sólbaðsstofu í 17 stiga hita

„Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og það var annaðhvort þetta eða að opna fatabúð,“ segir athafnamaðurinn Jón Hilmar Hallgrímson, sem opnaði nýja sólbaðstofu á Grensásveginum síðastliðinn föstudag í 17 stiga hita. Þó svo að sólbaðsstofum hafi fækkað umtalsvert síðastliðin ár segist Jón Hilmar ekki óttast að reksturinn muni ekki standa undir sér.

„Mér bauðst að kaupa einar sjö sólbaðsstofur svo ég vissi að staðan á markaðnum væri ekki góð. Fólk á engan pening í dag því bankarnir eru ekki að lána, en eitthvað verður maður samt að gera og ef sólbaðsstofa virkar einhvers staðar þá er það á Grensásvegi,“ útskýrir Jón, en skáhallt á móti stofunni hans er sólbaðsstofan Smart sem hefur lengi verið vinsæl meðal ljósabekkjaunnenda.

„Við vorum fyrst að hugsa um að láta stofuna okkar heita „Smarter“ en fannst það svo fullgróft svo við kusum frekar Sohósól,“ segir Jón og kveðst ekki óttast samkeppni milli sólbaðstofanna. „Það er náttúrlega hálfgalið að opna sólbaðsstofu í svona góðu veðri, en ég hef samt engar áhyggjur því bráðum kemur rigningartímabil og þá fer fólk í ljós,“ bætir hann við.

BAUÐST AÐ KAUPA SIÐ SÓLBAÐSSTOFUR Jón Hilmar segist ekki óttast að reksturinn muni ekki standa undir sér, þó svo að hann hafi nýverið opnað nýja stofu í næsta nágrenni við eina vinsælustu sólbaðsstofu bæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞAÐ ER KOMIN ÚTSALA 40%

AF ÖLLUM VÖRUM.

Lokað í dag útsalan hefst
á morgun föstudag.

Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K
Patrizia Pepe | Annhagen | Anderson & Lauth
Stella Nova | GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

MEST LESIÐ:

Menn fluttir inn til landsins til að fremja afbrot

Læknar boða verkfallsaðgerðir í haust

Ellilífeyrisþegi yfir Emmarsund en Benedikt ekki

Háseti fær fjórar millur frá ríkinu

visir.is

...ég sá það á visir.is



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Bændur í kaupstaðarferð

Eftir einangrun á ísaköldu landi í þúsund ár eru núna næstum öll heimsins gæði innan seilingar. Loks getum við údað í okkur alls kyns croissant og latte, parmesan og sushi. Verið viðstöðulaust móðins með hjálp Zöru og Vero Moda án þess að fara á hausinn. Eitt höfuðvígi tiskuneyslunnar er þó óunnið en þar koma flugfélögin til bjargar því án verslana H&M væru margir naktir alla daga.

SÍÐAR á ævinni verða sumarfríin aftur slökunarferðir þar sem ég dóla í tímaleysi á hælahaum sandölum, með eina dúllulega ferðatösku og handsnyrtingu á heimsmælikvarða. Akkúrat núna gætu fríin hins vegar verið liður í þjálfunarbúðum fyrir lífverði drottningar. Áfangastaðurinn þarf umfram allt að vera barnvænn og mikilvægt að hafa greiðan aðgang að þvottavél.

VERKEFNIÐ krefst handstyrks og geðþrýði. Auk þess hæfni tveggja til að höndla fjórar ferðatöskur, tvær kerrur og bakpoka, bras og stúss, sífelldar nestismurningar, snytingar og klósettferðir lítilla grísa þegar síst skyldi. Hafa líka ætíð til reiðu aukapeysur, aukasokka og aukasnuddur. Djúpar samræður á veitingahúsum fá að bíða því nú er aðalatriðið að koma í veg fyrir að verða vísað af staðnum vegna óspekta. Dag-skráin fer annars eftir veðri og stemningu: Tívoli, dýragarðurinn og svo auðvitað H&M sem hefur árum saman séð um uppistöðuna í fataskápum heimilisins.

PENNAN árlega innkaupadag uppgötvaði ég þar sem við stóðum í anddyri verslunarinnar að með stöku undantekningum var öll fjölskyldan einmitt dressuð upp í H&M-tískunni frá í fyrra. Í einni svipan var ljóst að við verslum ævinlega í sömu búð, árviss eins og bóndi í kaupstað fyrir jólin. Í ofanálag kom í ljós að pilsíð mitt fékkst nú með 50% afslætti, jakkinn 70%.

NÚ VAR samt að duga eða drepast, loks kom sér vel sú þjálfun að geta samtímis ýtt kerru og ferðatösku, borgað strætófargjald og matað jógúrt með plastskeið á hjörum. Með augu eins og kamelljón skutumst við á milli rekkanna, hrifsuðum, mátum og mátuðum. Á met tíma voru innkaupin í höfn, pokafólkið rogaðist klyfjað út, lukkulegt með uppgripin. Þegar M&M og Toblerone fór að fást í öllum sjoppum en ekki bara í fríhöfninni missti það sjarmann umsvifalaust. Doldið gott að hafa ennþá H&M bara í útlöndum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 2. júlí, 185. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.08	13.32	23.53
Akureyri	2.04	13.16	0.26

Heimild: Almanak Háskólans

HILUX

ADVENTURE

33" breyting

285/75/16 Mastercraft Courser heilsársdekk. 16" álfelgur, 8" breiðar. Klippt inn í boddí, úr brettum og gangbretti að framan. Nýjar aurlífar að framan. Hækkun um 4 cm að framan.

Losanlegt prófíl dráttarbeisli

Fyrir dráttarkúlu, spilfestingu, drullutjakk og fleira. Hægt að kaupa beisli til að síkka kúlu. Dráttargeta 2.250 kíló. Viðurkennt og staðlað beisli. Skráning fylgir.

Filmur

Skyggðar filmur í afturrúður gefur Hilux sportlegt útlit.

Double Cab

3.0 lítra vél

4.060.000 kr. bsk.

4.310.000 kr. sjsk.

Láttu reyna á'ann

Hilux Adventure

Nú færðu Hilux Adventure með veglegum aukahlutapakka. Hilux Adventure kemur með 33" breytingu, losanlegu prófíl dráttarbeisli og filmum í rúðum.

Jafnt sem fjallkóngur, vinnupjarkur og borgarbarn hefur Hilux sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður.

Láttu reyna á'ann.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	---	--	---

* Í blönduðum akstri.
Viðmiðunartölur framleiðanda miðað við óbreyttan Hilux DC.